

**Fertugasti og annar fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 20. desember 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.**

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

##### Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta

- a. Helgi I. Sigurðsson sækir um leyfi fyrir minna gistiheimili að Steinahlíð í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfi þann 5. desember 2018 til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir minna gistiheimili sem auglýst er á vef Umhverfisstofnunar.  
*Staðfest.*
- b. Ólafur Rúnar Þórhallsson f.h. Krónunnar ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri stórmarkaðs með kjötvinnslu og móttökueldhúsi.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.*
- c. Sigurjón Friðrik Garðarsson f.h. Öldurs ehf. sækir um starfsleyfi fyrir mjaðargerð (ölgerð) vegna flutnings í nýtt húsnæði að Desjamýri 8 í Mosfellsbæ.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.*
- d. Margrét Sigurðardóttir f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri frístundaheimilis við Grunnskóla Seltjarnarnes – Skjólíð í Mýrarhúsaskóla við Kirkjubraut.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.*
- e. Viðar Reynisson f.h. Náttskugga ehf. (Ljótu kartöflurnar) sækir um starfsleyfi fyrir framleiðslu á kartöfluflogum að Desjamýri 8 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf leyfi út til tólf ára þann 11. desember 2018 með vísan til laga um matvæli og með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar.  
*Staðfest.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna útgefin í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

- f. Guðmundur Björnsson sækir um starfsleyfi fyrir Sleggjuna þjónustuverkstæði að Desjamýri 10 í Mosfellsbæ. Starfsleyfistillaga var auglýst í fjórar vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins, engar athugasemdir bárust. Starfsleyfið var gefið út þann 30. nóvember 2018 af heilbrigðiseftirlitinu til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir Sleggjuna þjónustuverkstæði ehf. bifreiðaverkstæði með smuraðstöðu.  
*Staðfest.*
- g. N1 ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslu að Háholti 11, Mosfellsbæ vegna eigendaskipta. Starfsleyfistillaga er auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 30. nóvember 2018- 28. desember 2018.  
*Samþykkt að fela heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfið út til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir bensínafgreiðslu N1 ehf. Háholti 11, Mosfellsbæ, með fyrirvara um að engar athugasemdir berist við starfsleyfistillöguna á auglýsingartímanum.*
- h. N1 ehf. sækir um að nýtt rekstrarfélag, N1 ehf., kt. 411003-3370, fái að taka við starfsleyfi N1 smurstöð og hjólbarðaverkstæði að Langatanga af Festi hf. (áður N1 hf), kt. 540206-2010 næstu áramót.  
*Færsla starfsleyfis er samþykkt í samræmi við heimild sbr. 5 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið færir frá Festi hf, yfir á N1 ehf kt. 411003-3370 þann 1. janúar 2019. Starfsleyfisskilyrði eru óbreytt og er gildistími starfsleyfis til 8. júní 2019.*

### Umsóknir um tóbakssöluleyfi

- i. N1 ehf. kt. 411003-3370, sækir um tóbakssöluleyfi fyrir þjónustustöð N1 að Háholti 11 í Mosfellsbæ.  
*Samþykkt til fjögurra ára frá 1. janúar 2019 með vísan til laga um tóbaksvarnir.*
- j. N1 hf. kt. 540206-2010 sækir um tóbakssöluleyfi fyrir þjónustustöð N1 að Háholti 11 í Mosfellsbæ.  
Heilbrigðiseftirlitið gaf leyfi út til fjögurra ára þann 10. desember 2018 með gildistíma frá 13. desember 2018 til 13. desember 2022 með vísan til laga um tóbaksvarnir og með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar.  
*Staðfest.*
- k. Olíuverslun Íslands hf. kt. 500269-3249, sækir um tóbakssöluleyfi fyrir þjónustustöð að Langatanga í Mosfellsbæ.  
*Samþykkt til fjögurra ára frá 1. janúar 2019 með vísan til laga um tóbaksvarnir.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### Umsóknir um tímabundið starfsleyfi

- l. Hermann Þór Baldursson sækir um starfsleyfi f.h. Berserkja ehf. til að rífa Laut Í Mosfellsbæ, Fasteignanúmer 208-2286. Starfsleyfistillaga var auglýst í fjórar vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins, engar athugasemdir bárust. Tímabundið starfsleyfi var gefið út þann 30. nóvember 2018 með gildistíma til 15. febrúar 2019 gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækjum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.  
*Staðfest.*
- m. Ungmennafélagið Afturelding sækir um starfsleyfi fyrir lítilli áramótabrennu neðan Holtahverfis. Starfsleyfistillaga var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 22. nóvember til og með 19. desember 2018.. Engar athugasemdir bárust. Ábyrgðarmaður brennu er Haukur Sörli Sigurvinsson.  
*Samþykkt að veita leyfið með tilvísun í samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir brennur sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.*
- n. Seltjarnarnesbær sækir um starfsleyfi fyrir stóra áramótabrennu á Valhúsahæð. Starfsleyfistillaga var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 19. nóvember til og með 16. desember 2018. Engar athugasemdir bárust. Ábyrgðarmaður brennu er Gísli Hermannsson.  
*Samþykkt að veita leyfið með tilvísun í samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir brennur sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.*
- o. Mosfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir litla þrettándabrennu neðan Holtahverfis. Starfsleyfistillaga er auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 27. nóvember til og með 24. desember 2018. Ábyrgðarmaður brennu er Bjarni Ásgeirsson  
*Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfið að auglýsingatíma lokum og að teknu tilliti til innkominna athugasemda.*

### Umsagnir um erindi sýslumanns

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 13. desember 2018 þar sem óskað var umsagnar I. Magnússon ehf. um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki II tegund minna gistiheimili að Sólvöllum, Holtsvegi 2 í Kjós.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 20. desember 2018.  
*Staðfest.*
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 11. desember 2018 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af dansleik í Hlégarði í Mosfellsbæ þann 1. janúar 2018.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 11. desember 2018.  
*Staðfest.*

### 2. Umsagnir um lagafrumvörp

Lagðar fram tvær umsagnir Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um frumvörp til laga nr. 7/1998 um hollustu- og mengunarvarnir annars vegar um stjórnvaldssektir og hins vegar plastpokafrumvarp.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 3. Umsögn um skipulag.

Lögð fram Skýrsla VSÓ ráðgjafar, Bláfjöll – skíðasvæði í Kópavogi. Viðbrögð Skíðasvæðis Höfuðborgarsvæðisins (SH) 3. desember 2018.

*Skipulagsstofnun hefur boðað að framkvæmdaaðili hyggist leggja fram ný gögn í málinu í kjölfar fundar sem haldinn var þann 18.12.2018 með*

*framkvæmdaaðilum, ráðgjöfum og framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins að frumkvæði SSH.*

*Málinu er frestað uns ný gögn hafa verið lögð fram.*

### 4. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri upplýsti um fundi sem hann sat á vegum SHÍ vegna nýrrar löggjafar sem kveður á um auglýsingu allra starfsleyfa og fyrirhugaðrar löggjafar um skráningu í stað starfsleyfa. Um er að ræða fund með SÍS og SA þann 12. nóvember, fund með SÍS í umhverfísráðuneyti þann 3. desember 2018 og fund með umhverfísráðherra þann 7. desember 2018.
- b. Heildarefnagreining neysluvatns 2018. Skýrsla ÍSOR um efnasamsetningu neysluvatns í vatnsbóli í Laxnesdýjum dagsett 12.12.2018 var lögð fram.

Fundi var slitið kl. 18:15.